

Minnisblað

Til: Skóla-, íþróttá- og tómstundarnefndar
Frá: Guðrúnu Birgisdóttur
Dags. 11. október 2024
Mnr. 2024100052



ÍSAFJARÐARBÆR

Staða leikskólamála haust 2024.

Eftir sumarlokun leikskólanna Sólborgar og Eyrarskjóls á Ísafirði fluttust þaðan 34 fimm ára börn yfir á leikskólann Tanga von er á að þeim

Samkvæmt Íbúasýn Ísafjarðarbæjar eru 23 börn fædd árið 2023 í leikskólahverfi Sólborgar og Eyrarskjóls. Þeim börnum hefur öllum verið boðin leikskólavist.

Í minni kjörnunum hafa ekki myndast biðlistar og því verið hægt að bjóða öllum börnum að hefja leikskólagöngu við 12 mánaða aldur.

21 barn er fædd það sem á er liðið árið 2024 á leikskólasvæði við Skutulsfjörð, af þeim er búið að sækja um leikskólapláss fyrir 8 börn. Eins og staðan er í dag lítur út fyrir að hægt verður að bjóða börnum fæddum í janúar - mars 2024 leikskólavist við 12 mánaða aldur. Óvíst er með þau sem fædd eru síðar og líklega hefja þau ekki leikskólagöngu sína fyrr en að lokinni sumarlokun 2025. Þá verða elstu börnin orðin 16 mánaða gömul.

5 börn eru fædd 2024 úr leikskólahverfi Tjarnarbæjar á Suðureyri, Grænagarðs á Flateyri og Laufáss á Þingeyri. Þar er líklegt að öll börnin geti byrjað við 12 mánaða aldur.

GB